



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 127/378
komudagur 5.12.2001

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	5. desember 2001	A-8 SP/bb

Vísað er til erindis nefndarinnar, dags. 14. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipan opinberra framkvæmda, 6. mál. Eins og frá er greint í greinargerð með frumvarpinu er markmiðið með flutningi þess að tryggja traustari og vandaðri undirbúning fyrir opinberar framkvæmdir og skilgreina betur hvar vald, ábyrgð og eftirlit liggur í stjórnsýslunni.

Svo sem bent er á í greinargerðinni reifaði Ríkisendurskoðun hugmyndir sínar í þessum efnunum í umsögn sinni, dags. 30. apríl s.l., um frumvarp til laga um skipan opinberra framkvæmda er það var til umfjöllunar á síðasta þingi. Grunnhugsunin í þessum hugmyndum laut að því að fela Framkvæmdasýslu ríkisins í ríkari mæli að ganga úr skugga um grundvöll frumathugunar og áætlanagerðar, gæði útboðsgagna, leggja mat á tilboð í opinberar framkvæmdir og tryggja að eftirlit og samningar við verktaka væru fullnægjandi. Á móti var gert ráð fyrir að hlutverk verkkaupa í hverju tilviki yrði viðameira að því er framkvæmdirnar sjálfar varðaði, þ.e.a.s. hann tæki yfir eða bæri ábyrgð á ýmsum af þeim verkefnum, sem lúta beint að framkvæmdum, allt frá frumathugun til skilamats. Um þessar hugmyndir stofnunarinnar og annað er að skipan þessara mála vísast að öðru leyti til þess, sem sagði í tilvitnaðri umsögn, en hún fylgir bréfi þessu hjálögð.

Að mati Ríkisendurskoðunar eru ýmis atriði í frumvarpi þessu, sem eru til þess fallin að efla heimildir Framkvæmdasýslu ríkisins til að sinna faglegu eftirliti og er það vel. Á sama hátt er til bóta að skilgreina hlutverk byggingarnefnda í lögnum. Á hinn bóginn setur stofnunin með sama hætti og í tilvitnaðri umsögn sinni frá 30. apríl s.l. spurningamerki við þau áform að fela Framkvæmdasýslu ríkisins enn frekar en þegar er gert að annast og ábyrgjast þá þætti sem beinlínis lúta að framkvæmdunum sjálfum, sbr. t.d. b. liður 8. gr. frumvarpsins.

Að lokum vill Ríkisendurskoðun geta þess að í reglugerð 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda, sem sett var hinn 21. september s.l., er mælt fyrir um ýmis atriði er lúta að opinberum framkvæmdum með skýrari hætti en áður hefur verið gert. Má þar nefna áherslur á ítarlegan undirbúning opinberra framkvæmda, skýrari áfangaskiptingu og form ákvarðana svo og skýrara hlutverk og ábyrgð þeirra, sem koma að einstökum áföngum opinberra verka. Samhliða reglugerðinni voru settar reglur um gerð skilamats.

Sig. Þórunn